

## Um úrskurð héraðsdóms Reykjavíkur nr. G- 77/2006

Samkvæmt 69. gr. gjaldþrotalaga þarf að birta fyrirkall til skuldara ef taka á bú hans til gjaldþrotaskipta. Í málinu var deilt um hvort heimilt væri að birta fyrirkall gagnvart fyrrum stjórnarmanni félags í kjölfar kröfu tollstjóra um gjaldþrot félagsins.

Upplýst var að samkvæmt vottorði hlutafélagaskrár var eini stjórnarmaður félagsins hvorki með kennitölu á Íslandi eða skráð heimilisfang. Sá aðili sem birt var fyrirkallið gat sýnt fram á með vottorði hlutafélagaskrár að hann hefði sagt sig úr stjórn félagsins nokkru áður. Hann mótmælti því að vera kallaður fyrir þar sem hann væri ekki lengur stjórnarmaður.

Með vísan til 3. mgr. 64. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 var litið svo á að ef félag yrði án stjórnar skuli þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega vera áfram stjórnarmenn þar til ný stjórn tæki við. Því var kvaðning réttilega birt fyrir fyrrverandi stjórnarmanni félagsins.

Þessi úrskurður gefur gagnlegt fordæmi í þeim tilvikum sem birta þarf fyrirkall fyrir forsvarsmanni félags ef allir stjórnarmenn hafa sagt sig úr stjórn, ekki er nægilega vitað hverjir þeir eru eða hvar þeir eru staðsettir.